



DEILISKIPULAG - HESTHÚSAHVERFI VIÐ SAND, BOLUNGARVÍK

Greinargerð

Dags. 19. mars 2020 /br. eftir auglýsingu í september 2020



Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í

Umhverfismálaráði:

þann _____ 20__

Bæjarstjórn:

þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____ 20__

með athugasemdafresti til _____ 20__

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 20__

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	iv
1 Inngangur.....	1
1.1 Almennt	1
1.2 Markmið.....	1
1.3 Málsmeðferð og kynning	1
1.4 Skipulagsgögn.....	1
1.5 Staða skipulags.....	2
2 Forsendur	3
2.1 Skipulagssvæðið	3
2.2 Staðhættir	3
2.3 Dýra- og plöntulíf.....	3
2.4 Fornminjar.....	5
2.5 Náttúruvá.....	5
3 Deiliskipulagið	6
3.1 Almennt	6
3.2 Húsdýrahald	6
3.3 Vegir og bílastæði.....	6
3.4 Göngu- og reiðstígar	6
3.5 Opin svæði – Gróður og votlendi	6
3.6 Landmótun á sameiginlegu svæði	6
3.7 Frágangur lóða og umhverfi.....	7
3.8 Útigerði	7
3.9 Lýsing	7
3.10 Veitur og sorpflokkun	7
3.11 Taðlosun / taðgeymslur	7
3.12 Reiðvöllur og tamningagerði.....	7
3.13 Hringgerði	7
3.14 Menningarminjar.....	7
3.15 Náttúruvá.....	8
4 Byggingarskilmálar	9
4.1 Hönnun mannvirkja og uppdrættir.....	9

4.2 Mæliblöð og hæðarblöð.....	9
4.3 Byggingarreitir	9
4.4 Hesthús	9
4.5 Reiðhöll	10
5 Heimildir.....	11

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1 Mynd sýnir vistkerfi á skipulagssvæðinu (Heimild: NÍ).....	3
Mynd 2 Á myndinni sést vatnið sem er syðst á skipulagssvæðinu. (Heimild: NÍ).....	4
Mynd 3 Myndin sýnir helstu varpsvæði sandlóu.....	4
Mynd 4 Mynd sýnir hættumat vegna ofanflóða í Bolungarvík (Heimild: Veðurstofa Íslands).....	5

1 INNGANGUR

1.1 ALMENNT

Hér er sett fram deiliskipulag í Bolungarvík, hestúshverfi við Sand. Deiliskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er staðsett norðan við núverandi hestúshabyggð. Núverandi hestúshabyggð er á snjóflóðahættusvæði C. Mörg snjóflóð hafa fallið á svæðið og hafa ollið tjóni á mannvirkjum. Skv. *Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008 – 2020*, er gert ráð fyrir að flytja hestúshverfið út fyrir snjóflóðahættusvæðið. Hestúshverfið verður stækkað til norð-austurs og allar byggingar verða utan snjóflóðahættusvæðis.

Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem opið svæði til annarra nota ætlað fyrir hestúshabyggðina sem færast af hættusvæði. Þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í gildandi aðalskipulagi er ekki talin þörf á að taka saman skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsgerðarinnar.

1.2 MARKMIÐ

Helstu markmið með deiliskipulagi hestúshverfisins er að:

- bjóða upp á fjölbreyttar stærðir af gripahúsum og lóðum,
- nýta náttúruna sem er til staðar án þess að skerða búsvæði fugla,
- landmótun og plöntuval skýli svæðinu fyrir veðri og vindum,
- veita öryggi fyrir ofanflóðum,
- fjölbreyttan búskap hesta og annarra húsdýra

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Umhverfismálaráð Bolungarvíkur, í samstarfi við Hestamannafélagið Gný, ákvað á fundi sínum 7. maí 2019 að hefja deiliskipulagsvinnu vegna færslu hestúshasvæðisins.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2020 að auglýsa skipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2013.

Skipulagstillagan var auglýst frá 4. maí til 15. júní 2020. Vegna mistaka við að auglýsa í Lögbirtingablaðinu þá var skipulagstillagan auglýst aftur frá 15. júní til og með 4. ágúst.

Einnig var óskað eftir umsögnum eftirfarandi stofnana:

- Ísafjarðarbær
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun
- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa
- Orkubú Vestfjarða
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun

Svör bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands. Brugðist hefur verið við þeim athugasemdum á uppdrætti og í greinargerð.

1.4 SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulag þetta samanstendur af eftirfarandi gögnum:

Deiliskipulagsuppdrætti í mkv. 2000. Deiliskipulag, Hestúshverfi við Sand. blaðstærð A2. Dags. 19.03.2020.

Greinargerð. Deiliskipulag – Hestúshverfi við Sand, Bolungarvík. Dags. 19.03.2020.

1.5 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag

Í *Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2030* er gert ráð fyrir hesthúsabyggð á opnu svæði til sérstakra nota, merkt Ú10. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að:

„Hesthúsabyggðin verður flutt af snjóflóðahættusvæði C og yfir á öruggara svæði. Skoðaðir voru fjórir staðir fyrir staðsetningu hesthúsa. Annars vegar voru metnir kostir og gallar þess að færa hesthúsin utar, norðaustur fyrir núverandi svæði og hins vegar að færa húsin innar, suður fyrir golfvöllinn austan Syðridalsvegar. Skv. niðurstöðum umhverfismats, sbr. viðauka þessarar greinargerðar og umsögn Veðurstofu Íslands um snjóflóðahættu á þessum svæðum, verður hesthúsabyggðin færð utar, á svæði merkt Ú10 á skipulagsuppdrætti. Þar verður jafnframt rými fyrir annars konar frístundabúskap. Skv. umsögn Veðurstofunnar verða snjóflóð sjaldgæfari og minni eftir því sem nær dregur öxl Ernís. Til er hættumat af þessu svæði frá árinu 1997 og sýnir það línu sem er sambærileg við B-línu. Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir uppbyggingu hesthúsa neðan þessarar línu. Önnur mannvirki, m.a. skeiðvöllur og gerði, verða áfram nýtt á núverandi stað. Haga ber uppbyggingu í samræmi við hættumat, þegar það liggur fyrir. Þess skal gætt að uppbygging hesthúsa og tengdra mannvirkja þrengi ekki að golfi og annarri útivist á svæðunum sem eru til umræðu. Huga ber að nálægð hesthúshverfisins við önnur útivistarsvæði og ásýnd þess gagnvart aðkomu að bænum. Mikilvægt er fyrir ásýnd bæjarins að hesthúshverfið sé snyrtilegt.“

Deiliskipulag

Ekki er í gildi skipulag á þessu svæði, en á aðliggjandi svæði er í gildi deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði við Tjarnarkamb, sem samþykkt var 4. júlí 2013 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 25. júlí 2013.

2 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er um 12 ha að stærð og afmarkast af Djúpvegi og golfvelli í austri, opnu svæði í suðri, fjallshlíð Ernis í vestri og opnu svæði/íþróttasvæði í norðri. Núverandi reiðvöllur og tamningavöllur sunnan Múrhúsavegar eru innan marka skipulagssvæðisins og er það svæði innan hættusvæðis. Á því svæði er ekki gert ráð fyrir byggingum nema eldra félagsheimili hestamanna sem verður nýtt sem geymsla. Aðkoma að svæðinu er frá Syðridalsvegi.


2.2 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið, sem er um 12 ha, er sunnan þéttbýlisins í Bolungarvík. Svæðið liggur á opnu svæði til sérstakra nota, skv. aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020. Við vesturjaðar svæðisins er iðnaðarsvæði en að öðru leyti er allt aðliggjandi land skilgreint sem útivistarsvæði. Þjóðvegur 61 – Djúpvegur og göngustígur liggur austan með skipulagssvæðinu og Syðridalsvegur liggur til suðurs frá honum. Bolungarvíkurlína 1 liggur í streng með Djúpvegi auk háspennustrengja OV, en þeir liggja víðar um svæðið. Austan Syðridalsvegar er golfvöllur en svæðið er einnig nýtt til almennrar útivistar.

2.3 DÝRA- OG PLÖNTULÍF

Svæðið er láglent, í um 5-10 m hæð yfir sjó og einkennist af melum og sandhólum, en á vorin geta myndast tjarnir sem hverfa gjarnan þegar líður að sumri.


Skv. kortasjá NÍ eru skráð ýmsar vistgerðir á svæðinu, m.a. moslendi, strandlendi, melar og sandlendi, graslendi og votlendi. Sjá mynd 1.



Mynd 1 Mynd sýnir vistkerfi á skipulagssvæðinu (Heimild: NÍ)

Syðst á skipulagssvæðinu er tjörn sem er um 10.000 m². Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, er votlendi, s.s. tjarnir 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.


HESTHÚSASVÆÐI VIÐ SAND - DEILISKIPULAG



Mynd 2 Á myndinni sést vatnið sem er syðst á skipulagssvæðinu.
(Heimild: NÍ)

Fuglalíf á skipulagssvæðinu er fjölskrúðugt. Unnið hefur verið meistaraverkefni við HÍ, *Farhættir og lýðfræði sandlóu*¹ og var eitt rannsóknasvæðið Bolungarvík. Á mynd 3 má sjá helstu varpsvæði sandlóu í Bolungarvík og skv. því þá er hluti deiliskipulagssvæðisins á varpsvæði sandlóunnar.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir opnu svæði austast á svæðinu og byggingar eru vestar.



Mynd 3 Myndin sýnir helstu varpsvæði sandlóu

¹ Böðvar Þórisson


2.4 FORNMINJAR

Fornleifaskráning fyrir Bolungarvík liggur fyrir. Skv. minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru engar skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu.

2.5 NÁTTÚRUVÁ

Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og er því ólíklegt að jarðskjálftar eða eldumbrot hafi áhrif á deiliskipulagssvæðið.

Gert hefur verið hættumat vegna ofanflóða fyrir hluta af svæðinu, þ.e. syðri og miðhluta deiliskipulagssvæðisins. Samkvæmt því er núverandi hesthúsabyggð á hættusvæði C. Ekki hefur verið gert hættumat fyrir nyrsta hlutann, en það er þó í vinnslu. Í umsögn Veðurstofu Íslands við gerð gildandi aðalskipulags kom fram að snjóflóð verða sjaldgæfari og minni eftir því sem nær dregur öxl Ernis, þ.e. til norðurs. Í umsögn Veðurstofunnar um deiliskipulagstillöguna kemur fram að næst fjallinu gætu tvær lóðir lent að hluta til á hættusvæði A væru hættumatslínur framlengdar. Ofan þeirra er Múrhúsagil, lítið gil með upptakasvæði í 200-300 m hæð y.s. þar sem skráð hafa verið nokkur flóð, en þau hafa stöðvast í hlíðarfætinum. Hesthús eru heimil á hættusvæði A.



Mynd 4 Mynd sýnir hættumat vegna ofanflóða í Bolungarvík (Heimild: Veðurstofa Íslands)

3 DEILISKIPULAGIÐ

3.1 ALMENNT

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 10 lóðum fyrir allt að 16 hesthús sem geta hýst til samans að hámarki 150 hross og ein lóð undir reiðhöll. Lóðir eru frá 770 m² til 1225 m². Lóð reiðhallar er 4250 m².

Deiliskipulagsuppráttur sýnir lóðamörk, stærð lóða, byggingarreiti, bílastæði, reið- og gönguleiðir, skeiðvöll, hesta- og reiðgerði, manir, gróður og önnur opin svæði.

3.2 HÚSDÝRAHALD

Skipulagssvæðið er ætlað fyrir hesthúsabyggð. Annað húsdýrahald til tómtunda er leyfilegt og skulu gripahúsin innréttuð með viðeigandi búnaði. Öllum dýrum skal haldið innan girðingar.

Við hönnun húsa, sem ætluð eru fyrir önnur húsdýr, skal gera ráð fyrir að þau geti nýst sem hesthús ef aðstæður breytast.

3.3 VEGIR OG BÍLASTÆÐI

Aðkoma inn á deiliskipulagssvæðið er frá Syðridalsvegi inn á Múrhúsavæg. Frá Múrhúsavegi er gerður nýr vegur í norður sem liggur að hesthúsalóðunum.

Við Múrhúsavæg er gert ráð fyrir 16 bílastæðum og við reiðhöll er gert ráð fyrir 28 bílastæðum eða samtals 44 bílastæðum.

Gera skal ráð fyrir 4 til 8 bílastæðum á hverri lóð. Samtals er gert ráð fyrir 96 bílastæðum á deiliskipulagssvæðinu.

3.4 GÖNGU- OG REIÐSTÍGAR

Gert er ráð fyrir að göngu- og reiðleiðir liggja um svæðið eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Reiðstígur liggur frá svæðinu í norður. Gert er ráð fyrir nýjum reiðstíg í gegnum hverfið og við taki sameiginlegur reið- og göngustígur sem liggur um svæðið.

Reiðstígar skulu lagðir með frostfríu undirlagi og yfirborð með lausu malarefni.

Göngu- og reiðleiðir inni á svæðinu skulu lögð með frostfríu undirlagi en yfirborð skal vera með þétu malarefni.

3.5 OPIN SVÆÐI – GRÓÐUR OG VOTLENDI

Gert er ráð fyrir opnum grænum svæðum. Á svæðinu eru merki um votlendi eða lækjarfarveg. Syðst á skipulagssvæðinu er tjörn sem er vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar, skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þetta svæði skal ekki raska. Þó er leyfilegt að vatn út vatnsrásum renni í tjörnina að því skildi að það sé ekki mengað.

Styrkja skal dýra- og plöntulíf votlendissvæðisins með því að móta vatnsrásir og dældir og leiða ofanvatn af svæðinu í þau. Gæta skal þess að mengað vatn úr hestagerðum renni ekki í votlendið. Með þessu móti er bætt fyrir þau búsvæði fugla sem kunna að tapast við uppbygginu hverfisins.

Æskilegt er að gróðursetja tré og runna á svæðinu til skjólmyndunar og yndisauka. Á deiliskipulagsupprætti eru sýnd tákni fyrir gróðursvæði. Þar er einnig sýnt hvar hægt er að staðsetja bekki.

3.6 LANDMÓTUN Á SAMEIGINLEGU SVÆÐI

Gert er ráð fyrir að móta landið t.d. með grasmönnum á þeim stöðum sem snúa til norðurs og austurs. Það er gert til að fá skjól fyrir veðri og vindum einnig til skerma fyrir innsýn á svæðið og ónæði frá þjóðvegi.

HESTHÚSASVÆÐI VIÐ SAND - DEILISKIPULAG

Þar sem jarðstrengir eru í jörðu er ekki leyfilegt að grafa eða byggja í 1,5 m til hvorrar hliðar. Samráð skal haft við veitustofnanir um framkvæmdir nærri strengjum.

3.7 FRÁGANGUR LÓÐA OG UMHVERFI

Lóðarhafa ber að ganga frá lóð sinni og framfylgja skipulagsskilmálum þessum, ásamt kafla 7 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. Lóðarhafa ber að ganga frá lóðarmörkum á sinni lóð í þeirri hæð er lóðarblöð sýna. Við frágang á sameiginlegum lóðamörkum ber nágrönnum að hafa samráð um frágang. Lóð skal fullfrágengin innan árs frá því að bygging telst fókheld.

Lögð er áhersla á að frágangur lóða og umgengni á svæðinu sé til fyrirmyndar. Ekki er heimilt að geyma hluti til lengri tíma sem ekki tengjast starfseminni innan lóða. Ganga skal vel um svæðið og tryggja að ekki verði mengun og sóðaskapur af starfseminni.

3.8 ÚTIGERÐI

Útigerði skal vera við hvert hús og skal það girt með viðurkenndu girðingarefni. Stærð gerða fer eftir stærð lóðar og fjölda dýra sem verða í hverju húsi. Miða skal við 20 m² fyrir hest. Tryggja skal dýrum aðgang að vatni.

Á deiliskipulagsupprætti kemur fram stærð útigerða.

3.9 LÝSING

Lýsing á hesthúsum og útisvæði skal vera látlaus og glýjulaus. Gæta skal þess að hún lýsi niður og valdi ekki sjón- eða ljósmengun á svæðinu eða aðliggjandi svæðum.

3.10 VEITUR OG SORPFLOKKUN

Hesthúsahverfið mun tengjast núverandi veitukerfum sveitarfélagsins.

Koma skal fyrir fráveitu fyrir hverfið og skal frágangur vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Um sorphirðu fer eftir reglum sveitarfélagsins.

3.11 TAÐLOSUN / TAÐGEYMSLUR

Taðgeymsla skal vera við hvert hesthús. Safna skal taði í taðgeymslu sem losa skal reglulega á móttökusvæði í samráði við heilbrigðisfulltrúa.

3.12 REIÐVÖLLUR OG TAMNINGAGERÐI

Á svæðinu sunnanverðu er reiðvöllur og afgirt tamningagerði sem verða áfram á sama stað.

3.13 HRINGGERÐI

Hringgerði eru sýnd á nokkrum stöðum til skýringar. Heimilt er að staðsetja hringgerði á öðrum stöðum sem sátt er um meðal hesthúsaeigenda. Hringgerði mega ekki hindra umferð um svæðið. Festa skal hringgerði til að koma í veg fyrir að þau fjúki.

3.14 MENNINGARMINJAR

Engar skráðar minjar eru innan skipulagssvæðisins eða nærri því. Ef fornminjar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin skal þá láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Skv. 21. gr. sömu laga má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja fornminjar úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

3.15 NÁTTÚRUVÁ

Allir byggingarreitir eru neðan jafnáhættulínu A á hættumetnu svæði skv. hættumati fyrir Bolungarvík 2003. Næst fjallinu gætu tvær lóðir lent að hluta til á hættusvæði A væru hættumatslínur framlengdar. Hesthús eru heimil á hættusvæði A.

Eldra félagsheimili hestamanna er innan hættumatssvæðis C en gert er ráð fyrir að það verði nýtt sem geymsla. Reið- og tamningarvellir verða áfram innan hættumatssvæða B og C. Nýting þessara mannvirkja skal miðast við að halda áhættu í lágmarki s.s. að viðvera sé aðeins á sumartíma.

4 BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 HÖNNUN MANNVIRKJA OG UPPDRÆTTIR

Aðbúnaður og byggingar sem ætlaðar eru dýrum skal vera í samræmi við VIII. kafla laga um velferð dýra nr. 55/2013. Við hönnun hesthúsa skal fylgja eftir reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa.

Aðaluppdrættir, sem verða lagðir fyrir byggingaryfirvöld Bolungarvíkurkaupstaðar, skulu vera í samræmi við skilmála þessa, byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Aðaluppdrættir skulu sýna skipulag lóðar, hæðarlegu lands við hús og á lóðamörkum, aðkomuleiðir, staðsetningu taðgeymslu, sorpgeymslu og bílastæði.

Hús skulu vera á einni hæð. Grunnflötur húsa má vera frá 70 m² – 200 m². Hámarksstærð reiðhallar er 1200 m². Mænisstefna er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

Húsagerðir eru frjálssar. Samræma skal þó útlit, þakform, lita- og efnisval innan lóðar.

4.2 MÆLIBLÖÐ OG HÆÐARBLÖÐ

Mæli- og hæðarblöð skulu unnin eftir að deiliskipulag hefur verið samþykkt. Mæliblöð sýna lóðamörk, stærðir lóða, byggingarreiti húsa, innkeyrslu inn á lóð, fjöldi bílastæða, kvaðir ef einhverjar eru o.fl.

Hæðarblöð sýna götuhæðir við lóðamörk (G) og gólfhæð bygginga (GK). Einnig sýna hæðablöð staðsetningu og hæðir lagna og kvaðir um inntök veitustofnana.

4.3 BYGGINGARREITIR

Á hverri lóð er byggingarreitur sem skal rúma eina byggingu. Bygging skal vera innan byggingarreits en heimilt er að reisa hestagerði utan hans.

Fyrrum félagsheimili hestamanna er við reiðvöll innan hættusvæðis og er án byggingarreits. Heimilt er að nýta bygginguna sem geymslu en óheimilt er að stækka hana.

Stærðir byggingarreita:

- A – 12 x 12 m. Rúmar hesthús fyrir 6-8 hesta.
- B – 15 x 12 m. Rúmar hesthús fyrir 10-12 hesta.
- C – 25 x 12 m. Rúmar hesthús fyrir 16-18 hesta.
- D – 25 x 12 m. Rúmar parhús fyrir 6-8 hestahús og 10-12 hestahús.
- E – 36 x 30 m. Rúmar reiðhöll allt að 1200 m² að stærð.

4.4 HESTHÚS

Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt hús innan byggingarreits, einbýlishús og parhús. Hús skulu byggð úr viðurkenndum byggingarefnum.

Gluggar skulu vera á hesthúsum til að tryggja að hestar njóti dagsbirtu, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 910/2014 um velferð hrossa.

Hver bygging skal innihalda stíur að lágmarki 4 m² á hest, hlöðu undir heyrúllur (4-5 heyrúllur á hvern hest), kaffi- og salernisaðstöðu og aðstöðu fyrir hnakka og föt.

Tegundir bygginga á lóð:

- A – Einbýlishús; 6-8 hesta hús.
- B – Einbýlishús; 10-12 hesta hús.
- C – Einbýlishús; 16-18 hesta hús.
- D – Parhús; 6 hesta hús og 10-12 hesta hús eða tvö 6 hesta hús.
- E – Reiðhöll.

Skilmálar húsa:

A – Einbýlishús fyrir 6-8 hesta

- Tvær lóðir sem eru 770 m² og 875 m² að stærð.
- Hús skulu vera á einni hæð.
- Hámarkshæð að mæni er 4,2 m, mælt frá gólfplötu í hæsta punkt á mæni.
- Þakhalli er frjáls.
- Hámarkshæð á vegg á langhlið skal vera 2,8 m.
- Hámarksstærð húss: 100 m².

B – Einbýlishús fyrir 10-12 hesta

- Tvær lóðir sem eru 875 m² að stærð.
- Hús skulu vera á einni hæð.
- Hámarkshæð að mæni er 4,2 m, mælt frá gólfplötu í hæsta punkt á mæni.
- Þakhalli er frjáls.
- Hámarkshæð á vegg á langhlið skal vera 2,8 m.
- Hámarksstærð húss: 150 m².

C – Einbýlishús fyrir 16-18 hesta

- Tvær lóðir sem eru 1225 m² að stærð.
- Hús skulu vera á einni hæð.
- Hámarkshæð að mæni er 4,2 m, mælt frá gólfplötu í hæsta punkt á mæni.
- Þakhalli er frjáls.
- Hámarkshæð á vegg á langhlið skal vera 2,8 m.
- Hámarksstærð húss: 220 m².

D – Parhús fyrir 6-8 hesta og 10-12 hesta

- Fjórar lóðir sem eru 1225 m² að stærð.
- Hús skulu vera á einni hæð.
- Hámarkshæð að mæni er 4,2 m, mælt frá gólfplötu í hæsta punkt á mæni.
- Þakhalli er frjáls.
- Hámarkshæð á vegg á langhlið skal vera 2,8 m.
- Hámarksstærð húss: 240 m².

4.5 REIÐHÖLL

Á lóð reiðhalla er heimilt að reisa reiðhöll allt að 1.200 m² að stærð.

E – Reiðhöll

- Lóð fyrir reiðhöll er 4250 m² að stærð.
- Hús skal vera á einni hæð.
- Hámarkshæð að mæni er 4,5 m, mælt frá gólfplötu í hæsta punkt á mæni.
- Þakhalli er frjáls.
- Hámarkshæð á vegg á langhlið skal vera 3,8 m.
- Hámarksstærð húss: 1200 m².

5 HEIMILDIR

Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.

Böðvar Þórisson 2013. *Farhættir og lýðfræði sandlóu Charadrius hiaticula*. Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóli Íslands. (Mynd 3).

Deiliskipulag hesthúsaferfis og íþróttaleikvangs að Kjóavöllum 2008. Landform, Garðabær og Kópavogsbær. Greinargerð og deiliskipulags-uppráttur.

Hættumat vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík. Júlí 2003. Veðurstofa Íslands.

Lög um velferð dýra nr. 55/2013.

Reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014.

Vefur Minjastofnunar Íslands: www.minjastofnun.is - Minjavefsjá. Sótt í nóvember 2019.

Vefur Náttúrufræðistofnunar Íslands: www.ni.is – Kortavefsjá. Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt í nóvember 2019.

Vefur Náttúrufræðistofnunar Íslands: <https://serstokvernd.ni.is/>. Sótt í september 2020.

Vefur Veðurstofu Íslands: <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/> Sótt í janúar 2020.